



**Viðbótaskýrsla, fornleifaskráning vegna  
línulagnar á Héraði  
*Hrafnsgerði að Rauðalæk í Fellum, Múlapingi***



Rannveig Þórhallsdóttir  
2022

*Forsíðumynd: Horft til suðvesturs yfir skráningarsvæðið í Fellum 27.04.2022.*



© Rannveig Þórhallsdóttir  
Unnið fyrir RARIK  
Apríl 2022

# Efnisyfirlit

<b>ABSTRACT .....</b>	<b>3</b>
<b>INNGANGUR.....</b>	<b>5</b>
<b>LAGNALEIÐIN.....</b>	<b>5</b>
<b>SKRÁNINGIN .....</b>	<b>5</b>
<b>FELLIN.....</b>	<b>7</b>
HRAFNSGERÐI.....	7
SÓLBREKKA .....	8
HOLT .....	8
SKEGGJASTAÐIR.....	8
HOF.....	9
ORMARSSTAÐIR .....	10
REFSMÝRI .....	11
MIÐHÚSASEL (MEDALNES).....	12
RAUÐILÆKUR.....	13
<b>NIÐURSTAÐA.....</b>	<b>14</b>
<b>HEIMILDIR.....</b>	<b>15</b>

## Abstract

RARIK hired Rannveig Þórhallsdóttir, an archaeologist at the company Sagnabrunnur, to do a archaeological registration on an electric line in Múlaþingi. This project has the registration nr. 2727. This is an additional report because of changed path of the line.

Seven sites of archaeological interest had previously been registered in the registration area in Fell within the 15 m distance radius of protected archaeological remains. No sanctioned archaeological remains were found within the 100 m distance of sanctioned archaeological remains. In the area where the path of the line was changes, a path was chosen that did not interfere with archaeological remains. On several occasions the line was moved to protect archaeological remains and the registration of two archaeological remains was added to the 2727 project archive.

The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to the Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012.



Mynd 1. Yfirlitskort yfir lagnaleið í Fellum, Múlaþingi og þeim minjum sem mældar voru upp nálægt lagnaleiðinni í fornleifaskráningu árið 2022. Fyrri línulögn er sýnd með bláu og breytingar með rauðu. Uppmældar minjar sýndar með númerum 2727-1 til 2727-7.

## Inngangur

Að beiðni RARIK var starfsmaður Sagnabrunns ehf., Rannveig Þórhallsdóttir, fornleifafræðingur, ráðin til að fornleifaskrá lagnaleið í Múlaþingi. RARIK og HEF sameinuðust um lagnaleiðina sem sjá má á mynd 1. Búið var að skila skýrslu vegna fornleifaskráningarinnar.<sup>1</sup> Nú er skilað viðbótarskýrslu vegna breytinga á leið.

Við verkið vann einnig Skarphéðinn Smári Þórhallsson, landfræðingur hjá LOGG ehf. og Bogi Kárason hjá Verkráði ehf. Fulltrúi verkkaupa var Guðmundur Hólm. Fornleifaskráningin fékk verkefnanúmerið 2727 hjá Minjastofnun.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en hafist er handa við plægingu raf-, vatns- og fjarskiptalagna. Tilgangur fornleifaskráningarinnar var að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á lagnaleiðinni, ásamt því að skoða lagnaleiðina á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði.

## Lagnaleiðin

Línulögnin liggur norðvestan við Lagarfljótið í Fellunum og fylgir að mestu Upphéraðsvegi (931) frá suðvestri til norðausturs. Línulögnin fer í gegnum land eftirfarandi bæja í Fellunum: Hrafngerði, framhjá Teigabóli, Sólbrekku, Holti og Skeggjastöðum, að Hofi og Ási, inn hjá Ormarsstöðum, að Refsmýri, inn að Miðhúsaseli og endar hjá Rauðalæk. Það sem nú er til skráningar eru breytingar á línulögn á eftirfarandi stöðum: Hrafnsgerði, Sólbrekku, Skeggjastöðum, Hofi, Ormarsstöðum, Refsmýri, Miðhúsaseli og Rauðalæk og því er skilað viðbótarskýrslu.

## Skráningin

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á

---

<sup>1</sup> Rannveig Þórhallsdóttir (2022). „Fornleifaskráning vegna línulagnar á Héraði. Hrafnsgerði að Rauðalæk í Fellum, Múlaþingi.“ Sagnabrunnur.

könnunarsvæðinu sem og annars staðar og eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nálægt fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Fornleifaskráningin sem hér er unnin er byggð á ítarlegri fornleifaskráningu Fornleifastofnunar sem var unnin árið 1997, en þá voru fornleifar ekki mældar upp samkvæmt stöðlum Minjastofnunar, enda voru þeir birtir mun síðar, þ.e.a.s. árið 2013.<sup>2</sup> Oftast er miðað við staðsetningu fornleifa úr fornleifaskráningunni árið 1997 eins og þær koma fram á vefsíðu Múlaþings<sup>3</sup>, nema þegar ósamræmi fannst á milli korta úr fornleifaskráningunni 1997 og vefsíðu Múlaþings, eða þegar staðsetning minja á minjavefsíðunni gaf til kynna að þær væru innan 30 m við línulögnina. Rannveig fór á vettvang 27. apríl 2022. Fornleifar voru mældar upp með Trimble Nomad 5 og skoðuð voru 30 m mörk línulagnar. Þegar hægt var að hnika lagnaleiðinni vegna fornleifa sem fundust á lagnaleiðinni var sú leið valin.

---

<sup>2</sup> Minjastofnun Íslands. (2013). „Skráningarstaðlar fornleifa.“

<sup>3</sup> [map.is/mulathing/#](http://map.is/mulathing/#)

## Fellin



Mynd 2. Breytingar á leið hjá Hrafnsgerði sýndar með rauðu.

### Hrafnsgerði

Saga Hrafnsgerði er rakin í fyrri skýrslu. Engar fornleifar voru á breyttri lagnaleið hjá Hrafnsgerði. Bæjarhóllinn er 65 m austan við línulögn að bænum.

***Ekki er hægt að sjá við skoðun á heimildum, loftmyndum og á vettvangi að minjum verði raskað við lagningu línulagnarinnar.***



Mynd 3. Breytingarnar á línulögn sýndar með rauðu hjá Sólbrekku (austan við veg), Holti og Skeggjastöðum (vestan við veg). 2727-8 (Pálshús) merkt inn á myndina.

## Sólbrekka

Sólbrekka er nýbýli, byggt úr Skeggjastöðum árið 1963.<sup>4</sup> Engar minjar hafa verið skráðar í heimreið bæjarins og engar minjar sáust á vettvangi.

***Ekki er hægt að sjá við skoðun á heimildum, loftmyndum og á vettvangi að minjum verði raskað við lagningu línulagnarinnar.***

## Holt

Hjáleigan Gata (frá Skeggjastöðum) stóð þar sem nýbýlið Holt var síðar stofnað árið 1956. Gata var talin með Skeggjastöðum árið 1634, hún var metin á 6 hdr. árið 1703, en fór í eyði árið 1890. Minjar í nálægð við línulögnina hjá Holti er bæjarhóll Götu, (NM-152:001) og (nú horfið) fjárhús sem hét Pálshús (NM-152:013). Það stóð á Pálshústúni, í um 60-70 m í suður frá hlöðu og fjárhúsum Þorbergs bónda á Skeggjastöðum I.<sup>5</sup>

***Bæjarhóll Götu er í rúmlega 30 m fjarlægð NV við línulögnina og telst því ekki vera í hættu. Pálshús (NM-152:013), nú rifið, var hnitsett í 6 m fjarlægð N við línulögnina og gefið númerið 2727-8.***

## Skeggjastaðir

Saga Skeggjastaða er rakin í fyrri skýrslu. Línulögnin var hönnuð með tilliti til verndunar fornleifa að Skeggjastöðum. Geta má þess að lagt verður í heimtaugastrengi að Skeggjastöðum 3 sem þegar eru til staðar, því verður bæjarhóli NM-151:001 ekki raskað, en gamli bærinn stóð á milli Skeggjastaða 1 og 3.<sup>6</sup> Bænhús (NM-151:002) var sagt í eldri fornleifaskráningu vera andspænis Skeggjastöðum, neðan við reiðgötur sem þar lágu og telst því ekki í hættu.<sup>7</sup>

<sup>4</sup> Ármann Halldórsson, 1974. *Sveitir og jarðir í Múlapingi, I. bindi*, bls. 416-421; Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1997). „Fornleifaskráning í Fellahreppi.“ Fornleifastofnun Íslands, bls. 157-165; ÍF XI, 248; JÁM XIII, bls. 403; Túnakort Skeggjastaða; Örnefnaskrá Skeggjastaða; örnefnakort Helga Hallgrímssonar vegna skógræktar.

<sup>5</sup> Ármann Halldórsson, 1974. *Sveitir og jarðir í Múlapingi, I. bindi*, bls. 415-421; Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1997). „Fornleifaskráning í Fellahreppi.“ Fornleifastofnun Íslands, bls. 157-165; ÍF XI, 248; JÁM XIII, bls. 403; Túnakort Skeggjastaða; Örnefnaskrá Skeggjastaða; örnefnakort Helga Hallgrímssonar vegna skógræktar.

<sup>6</sup> Ármann Halldórsson, 1974. *Sveitir og jarðir í Múlapingi, I. bindi*, bls. 415-421; Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1997). „Fornleifaskráning í Fellahreppi.“ Fornleifastofnun Íslands, bls. 158; Túnakort Skeggjastaða; örnefnakort Helga Hallgrímssonar vegna skógræktar.

<sup>7</sup> Ármann Halldórsson, 1974. *Sveitir og jarðir í Múlapingi, I. bindi*, bls. 415-421; Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1997). „Fornleifaskráning í Fellahreppi.“ Fornleifastofnun Íslands, bls. 158; Túnakort Skeggjastaða; örnefnakort Helga Hallgrímssonar vegna skógræktar.



***Ekki er hægt að sjá við skoðun á heimildum, loftmyndum og á vettvangi að minjum verði raskað við lagningu línulagnarinnar.***



Mynd 4. Breytingarnar á línulögn sýndar með rauðu hjá Hofi og eldri línulögn með bláu.

## Hof

Í fyrri fornleifaskráningu voru tóftir 2727-1 (meintar hofatóftir), mældar upp og óskað eftir leyfi Minjastofnunar til að fara nær minjunum en 100 m friðlýsingarradíusi nemur. Í eldri fornleifaskráningu og í *Sveitum og jörðum* segir að tóft NM-150:003 (hofatóft) að Hofi sé friðlýst, en í skrá um friðlýstar fornleifar er ekki hægt að sjá að svo sé í dag.<sup>8</sup>

***Minjar 2727-1 eru í 35 m fjarlægð vestan við línulögn. Ef minjarnar reynast friðlýstar er sem fyrr óskað eftir leyfi til að fara nær þeim en 100 m.***

***Ekki er hægt að sjá við skoðun á heimildum, loftmyndum og á vettvangi að minjum verði raskað við lagningu línulagnarinnar.***

<sup>8</sup>Ármann Halldórsson, 1974. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, bls. 414-416; Bruun, Daniel og Finnur Jónsson. (1909). „Om hove og hovudgravninger pa Island.“ *Aarboger for Nordisk Oldkyndighed og historie*. Det kongelige nordiske oldskrift-selskab. II. række, 24. bind, Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir. (1997). „Fornleifaskráning í Fellahreppi.“ Fornleifastofnun Íslands, bls. 157-165; Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík; Adolf Friðriksson. (1992). „Dagbók úr Hofsléiðangri.“ Fornleifastofnun Íslands.



Mynd 5. Breytingarnar á línulögn sýndar með rauðu hjá Ormarsstöðum og eldri línulögn með bláu.

## Ormarsstaðir

Fjallað er um sögu Ormarsstaða í fyrri skýrslu. Friðlýstu fornleifarnar Ormarshaugur eru skammt frá eyðibýlinu Hlíðarseli, í um 3,5 km fjarlægð N af línulögninni. Haugurinn var friðlýstur af Matthíasi Þórðarssyni árið 1930 en efasemdir hafa verið uppi um að haugurinn sé fornleifar þar sem kraginn í kringum hann virðist náttúrulegur.<sup>9</sup> Heimildir eru um minjar í námunda við línulögnina, þ.e. Hesthúsgrund, NM-147:006, hesthús sem var rífið í riðuhreinsun, þá var tóftin sléttuð.

***Hesthúsið var hnúsett í eldri fornleifaskráningu í 35 m fjarlægð norðaustan við línulögnina og telst því ekki í hættu.***


<sup>9</sup>Ármann Halldórsson, 1974. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, bls. 406-409; Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir. (1997). „Fornleifaskráning í Fellahreppi.“ Fornleifastofnun Íslands, bls. 157-165; Sveinbjörn Rafnsson. (1983). Frásögur um fornaldarleifar, II, 1817-1824, bls. 641; örnefnakort Helga Hallgrímssonar vegna skógræktar, Vefsjá Múlaþings, sjá <https://map.is/mulathing/#>.



Mynd 6. Fornleifar að Refsmýri sem voru mældar upp í fyrri fornleifaskráningu árið 2022 eru hér sýndar með grænu polygoni og rauðum punktum. Einnig er náttthagi 2727-9 merktur inn á myndina. Eldri tillaga að línulögn er sýnd með bláu og endanleg línulögn sýnd með rauðu.

## Refsmýri

Farið var yfir sögu Refsmýrar í fyrri fornleifaskráningu. Á leiðinni á milli Ormarsstaða og Refsmýrar er náttthagi (NM-148:011) sem í fornleifaskráningunni árið 1997 er sagður skemmdur vegna ágangs ár. Hann er talinn hafa verið hlaðnn á 19. öld með miklum og háum torfveggjum og var þá teiknaður upp í hálfboga,



Mynd 7. Náttthagi NM-148:011 eins og hann var teiknaður upp í fornleifaskráningu 1997. Mjöll Snæsdóttir o.fl., bls. 132.

50 m langur og 30 m breiður, þykkt veggja um 1 m.<sup>10</sup>

**Náttthagannum (NM-148:011) var gefið númerið 2727-9. Línan var færð til vesturs til að raska ekki náttthagannum og er hann nú (vestasti veggur hans) í 10 m fjarlægð austan við línulögnina. Minjum í nálægð við heimtaug að Refsmýri verður ekki raskað. Til að mynda er bæjarhólinn NM-148:001 í 45 m fjarlægð SV við línulögn.**

<sup>10</sup> Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir. (1997). „Fornleifaskráning í Fellahreppi.“ Fornleifastofnun Íslands, bls. 133-134; Vefsíða Múlaþings, sjá <https://map.is/mulathing/#>.



Mynd 8. Breytingar á leið hjá Miðhúsasel sýnd með rauðu og fyrri tillaga að línulögn með bláu.

### Miðhúsasel (Meðalnes)

Engar heimildir eru um minjar á breyttri strengleið í heimreið að Miðhúsaseli.

***Ekki er hægt að sjá við skoðun á heimildum, loftmyndum og á vettvangi að minjum verði raskað við lagningu línulagnarinnar.***



Mynd 9. Breyting á strengleið sýnd með rauðu og eldri tillaga með bláu.

## Rauðilækur

Íbúðarhúsið að Rauðalæk var byggt árið 1934 sem félagsheimili en er nú nýtt sem íbúðarhús.<sup>11</sup> Engar þekktar minjar eru í námunda við húsið.

**Á strengleiðinni sem liggur að Rauðalæk var gerð breyting á leið, nálægt Þorleifarárhvammi hjá Þorviðará, þar sem NM-144:015, stekkur og NM-144:011, mylla, höfðu verið skráð árið 1997. Minjarnar eru nú í 30 og 60 m fjarlægð norðan við strengleið og teljast því ekki í hættu.**

Nr.	Teg.	F j .	Hættu mat	Hætta	Ástand	Aldur	Frið lýst ?	Mótvægisáðgerð ir	ÍSNET hnit
2727-8 (NM-152:013)	Heimild Pálshús Holti Fjánhús. að	1	Framkv.	Í hættu	Horfin	1800- 1900	Nei	Minjar hnitsettar. Lína færð.	701959,4 525964,3
2727-9 (NM-148:011)	Tóft Nátthagi Refsmýri Nátthagi að	1	Framkv.	Í hættu	Greinanleg.	1800- 1900	Nei	Minjar hnitsettar. Lína færð.	706214,4 533783,9

Tafla 1.

<sup>11</sup> Ármann Halldórsson, 1974. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I.bindi*; skra.is.

## Niðurstaða

Í töflu 1 er að finna lista yfir niðurstöðu viðbótarfornleifaskráningarinnar. Á svæðinu voru tvær friðaðar fornleifar, 2727-8 (fjárhús) og 2727-9 (nátthagi), hnitsettar innan 30 m marka línunnar sem var skoðuð. Línan var færð til að vernda fornleifarnar, en er hún þó innan þeirra 15 m marka sem friðaðar fornleifar hafa samkvæmt lögum. Því er það lokaákvörðun Minjastofnunar Íslands með hvaða hætti varðveislu eða frekari rannsóknum á minjunum skuli vera háttáð.

Minnt er á að allar minjar sem eru eldri en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun, að nákvæmri fornleifarannsókn, s.s. könnunarskurðum. Þá er tekinn þverskurður í gegnum minjarnar, snið teiknað og ljósmyndað og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynleg. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

## Heimildir

Adolf Friðriksson. (1992). „Dagbók úr Hof sleiðangri.“ Fornleifastofnun Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.* Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson, (1974). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands.

Bruun, Daniel og Finnur Jónsson. (1909). „Om hove og hovudgravninger pa Island.“ *Aarboger for Nordisk Oldkyndighed og historie.* Det kongelige nordiske oldskrift-selskab. II. række, 24. bind.

Helgi Hallgrímsson. (1993-2000). *Náttúru- og menningarminjar í Austfirðingafjórðungi.* Vegna skógræktar. [Óbirt, varðveitt hjá Skógrækt ríkisins].

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands ([www.map.is/minjastofnun/#](http://www.map.is/minjastofnun/#))

Minjastofnun Íslands. (2013). „Skráningarstaðlar fornleifa.“

Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1997). „Fornleifaskráning í Fellahreppi.“ Fornleifastofnun Íslands.

Ólafur Olavíus. (1965). *Ferðabók* (II. bindi). Steindór Steindórsson frá Hlöðum

Rannveig Þórhallsdóttir (2022). „Fornleifaskráning vegna línulagnar á Héraði. Hrafnsgerði að Rauðalæk í Fellum, Múlaþingi.“ Sagnabrunnur.

*Túnakort* (1919-1920) fyrir Hrafnsgerði, Skeggjastaði, Hof, Ás, Ormarsstaði, Refsmýri og Miðhúsasel í Fellahreppi í Norður-Múlasýslu, nú Múlaþingi. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík ([testbirting.manntal.is](http://testbirting.manntal.is)).

Vefheimild: Fasteignamat ríkisins, [skra.is](http://skra.is).

Vefsjá Múlaþings, sjá <https://map.is/mulathing/#>.

Örnefnastofnun (1972). *Skrá yfir örnefni að Hrafnsgerði, Skeggjastöðum, Hofi, Ási, Ormarsstöðum, Refsmýri og Miðhúsaseli í Fellahreppi, Norður-Múlasýslu, nú Múlaþingi.* Uppfletting á [nafnid.is](http://nafnid.is)